

**From:** [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)  
**To:** [Íbúaráð Miðborg og Hlíðar; Íbúaráð Laugardalur; Laugardalslaug](#); [skipulag@veitur.is](mailto:skipulag@veitur.is)  
**Subject:** Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag - Breyting á deiliskipulagi vegna gatnamóta við Katrínartún - auglýsing  
**Date:** fimmtudagur, 17. október 2024 09:29:19  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[image002.png](#)

---

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að nýju deiliskipulagi vegna Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag - Breyting á deiliskipulagi vegna gatnamóta við Katrínartún, birtist í Morgunblaðinu í dag, fimmtudaginn 17. október 2024. Tillagan er í kynningu frá 17. október 2024 til og með 28. nóvember 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1236>

### **Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag - Breyting á deiliskipulagi vegna gatnamóta við Katrínartún**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. september 2024 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 1. október 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, vegna breytinga á gatnamótum Laugavegs og Katrínartúns. Færsla á skipulagsmörkum að breyttum lóðamörkum Laugavegar 162 eru færð sunnar sem nemur 3m. Komið er fyrir akstursleið í austur frá Ásholti meðfram Laugavegi 162 samhliða sérrými almenningssamgangna, hjóla- og göngustíga, akfærum göngustíg frá Ásholti niður að Laugaveg, breytti útfærslu gatnamóta Katrínartúns og Laugavegs til samræmis við forhönnun Borgarlínu, uppfærðri útfærslu sérrýmis almenningssamgangna, hjóla- og göngustíga, auknu svigrúmi sérrýmis Borgarlínu sbr. gulan lit í skýringum, og almennt breytti framsetning lita á uppdrætti til frekari skýringa og samræmis við deiliskipulagsáætlanir Borgarlínu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 17. október 2024 til og með 19. nóvember 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmunu að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 19. nóvember 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).



**Með kveðju,**  
**Þuríður María Guðmundsdóttir**

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

